

ÆDALSKIPULAG SÚÐAVÍKUR
1987-2007
GREINARGERÐ

EFNISYFIRLIT:

I.	INNGANGUR.	
	1.0.	Vinnan við aðalskipulagið. 4
	1.1.	Um aðalskipulag. 4
	1.2.	Skýringar hugtaka. 6
II.	FORSENDUR AÐALSKIPULAGS.	
	2.0.	Forsendur frá náttúrunnar hendi. 11
	2.1.	Almenn lýsing staðhátta. 13
	2.2.	Veðurfar/snjóflóð. 14
	2.3.	Hafið og miðin. 16
III.	FORSENDUR BYGGÐARINNAR.	
	3.0.	Saga byggðar og þróun. 18
	3.1.	Íbúáþróun Vestfjarða. 21
	3.2.	Íbúáþróun Súðavíkur. 22
	3.3.	Mælingar og eldri skipulagsáætlanir. 23
IV.	AÐALSKIPULAGIÐ 1987-2007.	
	4.0.	Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar. 26
	4.1.	Íbúðabyggð. 27
	4.1.0.	Almennt. 27
	4.1.1.	Núverandi íbúðarhúsnæði. 27
	4.1.2.	Húsnæði og landnotkun. 28
	4.2.	Atvinnulíf. 30
	4.2.0.	Almenn lýsing. 30
	4.2.1.	Landbúnaður. 30
	4.2.2.	Fiskveiðar. 31
	4.2.3.	Fiskvinnsla. 32
	4.2.4.	Iðnaður. 33
	4.2.5.	Verslun. 33
	4.2.6.	Þjónusta. 33
	4.2.7.	Landnotkun og mannaflí. 33

4.3.	Opinber þjónusta.	35
4.3.0.	Almennt.	35
4.3.1.	Skóli.	35
4.3.2.	Heilbrigðismál.	35
4.3.3.	Dagvistun.	36
4.3.4.	Félagsheimili og félagastarfsemi.	36
4.3.5.	Kirkja, kirkjugarður.	36
4.3.6.	Opinber stjórnun.	36
4.3.7.	Bókasafn.	37
4.3.8.	Sundlaug.	37
4.3.9.	Póstur og sími.	37
4.3.10.	Ferðamannaþjónusta.	37
4.4.	Samgöngur.	38
4.4.0.	Almennt.	38
4.4.1.	Samgöngur á landi.	38
4.4.2.	Flokkun gatna.	38
4.4.3.	Göngustígar og hjólreiðabrautir.	39
4.4.4.	Samgöngur á sjó.	39
4.4.5.	Hafnarsvæðið.	39
4.4.6.	Flugsamgöngur.	40
4.5.	Umhverfi og útivist.	41
4.5.0.	Almennt.	41
4.5.1.	Íþróttasvæði.	41
4.5.2.	Vetrariþróttir.	41
4.5.3.	Almenningsgarðar.	42
4.5.4.	Hestamennska.	42
4.6.	Ýmis þjónusta.	43
4.6.0.	Vatnsveita.	43
4.6.1.	Brunavarnir.	43
4.6.2.	Rafveita.	43
4.6.3.	Hitaveita.	43
4.6.4.	Skólp.	44
4.6.5.	Sorpeyðing.	44
5.0.	Framkvæmd skipulags og endurskoðun.	45
5.1.	Meginþættir aðalskipulagsins.	45
5.2.	Eignarhald á land.	48
	Lokaorð.	49
	Heimildir.	50

MYNDASKRÁ:

1.	Yfirlitsmynd.	11
2.	Friðlýst svæði.	12
3.	Svæði á náttúruminjaskrá.	12
4.	Snjóflóðasvæði, snjóflóðavarnir.	15
5.	Þróun dreifbýlis og þéttbýlis á Vestfjörðum.	21
6.	Þróun þéttbýlisstaða á Vestfjörðum.	21
7.	Fjöldi íbúa í Súðavík og framreikningur til ársins 2007.	22
8.	Fjöldi aðfluttra og brottfluttra í Súðavík 1971-1985.	23
9.	Aldursskipting 1986 í Súðavík og öllu landinu.	23
10.	Fjöldi aðfluttra og brottfluttra á Vestfjörðum 1971-1985.	24
11.	Aðalskipulag Súðavíkur, staðfest 9. sept. 1974.	25
12.	Hlutfallsleg skipting helstu atvinnuvega í Súðavík.	30
13.	Landaður aflí í Súðavík 1968-1986.	31
14.	Tegundaskipting fiskafla í Súðavík 1968.	32
15.	Hafnarframkvæmdir.	40
16.	Framkvæmdasvæði.	46

TÖFLUSKRÁ:

1.	Meðalúrcoma 1930-1960.	14
2.	Meðalhiti 1931-1960.	14
3.	Meðaltal fullgerðra íbúða á ári 1960-1984.	28

I. INNGANGUR.

1.0. Vinnan við aðalskipulagið.

Árið 1984 hófst vinna við aðalskipulag Súðavíkur 1987-2007. Lokavinna við greinargerð og uppdrátt var að mestu leyti unnin síðustu mánuði 1985 og í byrjun ársins 1986.

Af hálfu Skipulags ríkisins hefur Benedikt Bjarman unnið við gerð uppdráttar en Unnsteinn Gíslason unnið að gerð greinargerðar og lokafrágangi á uppdrætti. Teiknivinna hefur verið í höndum Sigríðar Gunnarsdóttur.

Af heimamönnum hefur vinnan við aðalskipulagið einkum mætt á sveitarstjóranum Steini Inga Kjartanssyni, Auðunni Karlsyni og Sigríði Hrönn Elíasdóttur og öðrum aðilum hreppsnefndar. Einnig hefur verið leitað til fjölmargra aðila í upplýsingaskyni.

1.1. Um aðalskipulag.

Samkvæmt gildandi lögum (Skipulagslög nr. 19/1964 ásamt breytingum nr. 31/1978) eru öll sveitarfélög skipulagsskyld, og skal gera skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum. Í reglugerð sem fylgir skipulagslögum (Reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217/1966) er kveðið á um gerð aðalskipulags og segir þar í 6. gr.:

"Aðalskipulag skal miða við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti frá gildistöku aðalskipulags á að taka það til endurskoðunar. Þá á að áætla þarfir að nýju, miðað við næstu tuttugu ár frá þeim tíma, og einnig að meta hvort aðrar forsendur aðalskipulagsins hafi breyst.

Ef tilefni er þá til að dómi skipulagsstjórnar eða sveitarstjórnar skal gera nýja áætlun um aðalskipulag."

Þá er í reglugerðinni kveðið á um að sýna skuli á uppdrætti:

"Skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, athafnasvæði til fiskverkunar og önnur athafna- hverfi eftir tegund starfsemi, flugvelli og hafnar- svæði, svo og staðsetningu opinberra bygginga og annarra mannvirkja til almannaþarfa."
(7. gr. 1. mgr.)

Og í 8. gr. segir:

"Uppdrætti að aðalskipulagi skal fylgja greinargerð um aðstæður á hlutaðeigandi stað, þegar aðalskipu- lagið er gert, t.d. um íbúafjölda, atvinnumál, sam- göngumál og byggingamál. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun mála á hlutaðeigandi stað."

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu, segir í skipulagslögum:

"Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulags- tillögu samkvæmt 15. og 16. gr. fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað.

Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1. mgr. 18. gr.

Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borist hafa ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdráttinum og sendir hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis, og annað, er hún telur máli skipta."

Ljóst er að skipulagsmál eru í grundvallaratriðum mótandi um framtíðarþróun bæja og sveitarfélaga, dragast þá margir þættir inn í frumvinnuna, svo sem atvinnumál, húsnæðismál, félagsmál, opinberar framkvæmdir og útivist.

Áhugi yfirvalda, bæjar- og sveitarstjórna hefur aukist á skipulagsmálum, hið sama má segja um áhuga almennings, þótt þátttaka og möguleikar þeirra til að hafa áhrif á ákvarðanir í skipulagi séu takmarkaðir.

Að öllu jöfnu er skipulagsvinnan tímafrek þar eð forsendur geta breyst á tiltölulega stuttum tíma. Kemur þetta fram m.a. þar sem endurskoða skal aðalskipulag á fimm ára fresti. Markmið aðalskipulagsins í Súðavík er að vera hjálpargagn heimamanna um landnýtingu og röð framkvæmda, einnig við gerð fjárhagsáætlana.

1.2. Skýringar hugtaka.

Hér skal reynt að skilgreina nokkur af þeim hugtökum og orðum sem algeng eru í umfjöllun um skipulagsmál. Mörg hugtökin hafa lagalega skilgreiningu, sem er þá notuð, en önnur eru skilgreind eftir notkun þeirra í þessum texta.

Aðalskipulag: Áætlun sem kveður á um meginatriði, varðandi þróun byggðar á hlutaðeigandi stað á tilteknu tímabili, skipulagstímabili. Er þar m.a. tilgreind landnotkun og staðsetning meginþátt athafnalífsins og lega helstu umferðæða. (Sjá nánar 1.1. um aðalskipulag.)

Byggingafulltrúi: Framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Byggingafulltrúi tekur við umsóknum um byggingarleyfi og öðrum erindum til byggingarnefndar og undirbýr fundi nefndarinnar og mál sem þar eru lögð fram. Honum er ætlað að ganga úr skugga um að byggingaruppdrættir séu í samræmi við skipulag, reglugerðir um brunavarnir, heilbrigðisreglugerð, öryggisreglur og aðrar reglur og lög um byggingarmál.

Byggingarnefnd: Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd sem skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn skv. ákv. sveitarstjórnarlaga. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og félagsmálaráðuneytis. Nefndin hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og ákvæði byggingarreglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða um byggingarmálefni.

Deiliskipulag: Skal gert um þau svæði innan aðalskipulags, þar sem slíks er talin þörf, t.d. vegna mikillar íbúafjölgunar, óhagkvæmrar lóðaskiptingar eða landamerkja eða þar sem meiri háttar byggingarstarfsemi er hafin eða fyrirhuguð. Í deiliskipulagi skal gerð nánari grein fyrir meginatriðum aðalskipulagsins, t.d. um byggingarsvæði, óbyggð svæði og umferðarkerfi.

Flokkun gatna: Götum er skipt í tvo meginhópa eftir hlutverki, húsa götur og umferðarbrautir.

- Húsa gata veitir aðkomu að húsum og lóðum og tengist safnbrautum. Við gerð húsa gatna er miðað við hægán akstur.

- Umferðarbraut er fyrst og fremst ætluð fyrir gegnumakstur en gerður er greinarmunur á safnbraut, tengibraut og stofnbraut.

- - Safnbrautir eru umferðargötur innan hvers hverfis og beina umferðinni inn á tengibrautir. Óæskilegt er að hafa beina aðkomu að lóðum frá safnbrautum, en víða í eldri hverfum verður ekki hjá því komist.

- - Tengibrautir og stofnbrautir eru í smærri bæjarfélögum nánast sami flokkur aðalumferðaræða. Forðast ber að hafa lóðaraðkomu frá þessum umferðargötum.

Friðlýst svæði: Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fornar eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, nefnast náttúruvætti. Friðuð landsvæði nefnast friðlönd. Friðlýsing felur í sér reglur um umferðarrétt og umgengnis skyldur, mannvirkjagerð og nytjarétt.

Framreikningar: Áætlun til ákveðins tíma byggð á mati á upplýsingum undanfarinna ára og útreikningum.

Náttúruverndarnefndir: Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Hlutverk þeirra er að stuðla að náttúruvernd á sínu svæði.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli samanlagðs gólfflatarmáls og flatarmáls lands.

Gerður er greinarmunur á:

1) Nýtingarhlutfalli lóða sem er hlutfall á samanlögðum brúttógólfleti húss og afmarkaðrar lóðar.

2) Nýtingarhlutfall byggðarreits er samanlagt brúttógólfflatarrými á reitnum deilt með stærð reitsins.

(Byggðarreitur: takmarkaður fjöldi lóða ásamt gangstígum og t.d. sameiginlegu leiksvæði sem afmarkast af akbrautum.)

3) Nýtingarhlutfall svæðis er nýtingarhlutfall stærri bæjarhluta og inniheldur þá götur og önnur sameiginleg svæði.

Samþykkt skipulag: Yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún aðhyllist ákveðna tillögu að skipulagi. Slíkt er að jafnaði nauðsynlegur undanfari þess að ráðherra staðfesti skipulag.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miða við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

Skipulagsstjóri: Skipaður af félagsmálaráðherra og fer með umboð ráðuneytis og skipulagsstjórnar varðandi framkvæmdir í skipulagsmálum, s.s. mælingar, gerð skipulagsuppdráttar og endurskoðun þeirra.

Skipulagsstjórn: Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum 19/1964. Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, vita- og hafnamálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu sambands íslenskra sveitarfélaga en hinn án tilnefningar.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því sem segir í skipulagslögum.


Slysatryggðar vinnuvikur: Upplýsingar frá Hagstofu Íslands, sem nýtir töflur unnar úr gögnum skattýfirvalda um tölu vinnuvikna viðkomandi ár. Ársverk eða mannár eru slysatryggðar vinnuvikur deilt með 52.

Staðfest skipulag: Samþykki félagsmálaráðherra á skipulagsáætlun eftir að hún hefur hlotið þá meðferð, sem áskilin er í 17. og 18. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 (að jafnaði samþykki sveitarstjórnar). Þegar skipulagsáætlun er staðfest, verður hún bindandi fyrir alla.

Svæði: Íbúðar-, iðnaðar-. Hér, afmarkaðir reitir, þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni landnotkun, innan svæðisins er ekki tekið tillit til rýmis sem fer í götur og annað í útreikningum.

Svæðisskipulag: Skipulag er tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í áætlun um landshluta- eða héraðaskipulag skal marka heildarstefnu um landnotkun og þróun byggðar í viðkomandi landshluta eða héraði, sbr. 4. mgr. 4. gr. skipulagslaga.

A
E
J
A
R
Ð
A
R



1. Yfirlitsmynd.
 hreppamörk

II. FORSENDUR ADALSKIPULAGS.

2.0. Forsendur frá náttúrunnar hendi.

Vestfjarðakjálkinn er 15-20 milljón ára blágrýtisgrunnur og er ásamt Austfjörðum elsti hluti landsins. Megineinkenni Vestfjarða er hin hálenda slétta, þó hvergi geysihá, víðast 400-600 m, en sundurskorin af fjörðum og víkum. Mun strandlengjan vera nærri 1900 km að lengd. Snarbrött fjöllin gnæfa í sjó fram og undirlendi mjög af skornum skammti. Byggð til sveita er á ströndum fjarða og í grunnum þverdölum. Bæir og þorp eru á eyrunum eða standa við grunnar víkur. Veldur skortur á undirlendi víða vandkvæðum á skipulagi byggðarlaga og hindrar eðlilegan vöxt þeirra.

Gróðurlendi er lítill hluti af flatarmáli Vestfjarða, sérstaklega sá hluti þess sem ræktanlegur er. Það litla undirlendi sem er fyrir hendi er þó víðast vel gróið, en samfelldur gróður nær sjaldan meir en í 200 m hæð, mun það stafa af bröttum fjallshlíðum og skriðum. Kjarrlendi er töluvert inni í fjörðum og dölum, aðallega við sunnanvert Ísafjarðardjúp og í Barðastrandarsýslum.

Friðlýst svæði á Vestfjörðum eru eftirfarandi;

Hrísey í Barðastrandarsýslu, Reykhólahr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 425/1977. Stærð 40 ha.

Flatey, Flateyjarhr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 395/1975. Stærð 100 ha.

Vatnsfjörður, Barðastrandarhr., V-Barð. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 96/1975. Stærð 20.000 ha.

Surtarbrandsgil, Barðarstrandarhr., V-Barð. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 103/1975. Stærð 150 ha.

Fjallfoss, Auðkúluhr., V-Ís. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 245/1981. Stærð 700 ha.

Hornstrandir, N-Ís. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 366/1975.

Á náttúruminjasrá

Náttúruverndarráðs yfir staði sem æskilegt er að friðlýsa eða vernda vegna sérstæðs náttúrufars eða lífríkis, eru eftirtaldir staðir á Vestfjarðakjálka sbr. meðfylgjandi mynd; Stærstu svæðin sem landslagsverndun er talin æskileg eru Geirþjófsfjörður, vegna fjölbreytilegs gróðurfars og Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps, vegna sérstæðrar náttúrufegurðar.



2. Friðlýst svæði.



3. Svæði á náttúruminjasrá.

2.1. Almenn lýsing staðhátta.

Álfafjörður er einn stærsti fjörðurinn er gengur suður úr Ísafjarðardjúpi. Vestfjarðakjálkinn tilheyrir jarðfræðilega blágrýtissvæði landsins en blágrýtismyndunin er elsta jarðmyndun landsins og varð hún til á síðterítar. Á þessum svæðum er jarðskjálfta- og eldsumbrotahætta í lágmarki. Undirlendi við firðina er takmarkað og býlum í ábúð hefur fækkað mjög síðustu tvo áratugina. Gróður (kjarr)við Ísafjarðardjúp er meira en gengur og gerist á Vestfjörðum almennt.

Kauptúnið Súðavík er í samnefndum hrepp, miðsvæðis á Vestfjarðarkjálkanum, umlukið háum fjöllum. Í vesturátt og ofan við þorpið er Súðavíkurfjall og Súðavíkurhlíð og er hæsti tindur þess um 680 m hár. Frá austri til suðurs eru hæstu fjöll; Sauratindur, Dvergasteinsfjall, Svarthamarsfjall, Þverfell og Sjötúnahlíð. Stærstu dalirnir draga flestir nafn af áðurnefndum fjöllum.

Við flesta þéttbýlisstaði á Vestfjörðum er byggingaland fremur takmarkað og svo er einnig í Súðavík. Núverandi byggð er upp af höfninni, þó er kirkja og núverandi skóli staðsett nokkuð innan við bæinn, einnig er nokkur iðnaður á Langeyri. Nokkrar auðar lóðir eru í og við núverandi byggð.

Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágrenni Súðavíkur, en þó eru uppsprettur með völgu vatni ekki óalgengar á svæðinu þar í kring.

Frá Súðavík til Ísafjarðar eru 22 km, til Patreksfjarðar um Bíldudal 192 km og til Reykjavíkur 421 km.

TAFLA 1.

Meðalúrcoma 1931-1960, mm.

	Rvk.	Galtarv.	Æðey	Akureyri
jan.	90	139	72	45
feb.	65	112	57	42
mars	65	83	52	42
apríl	53	73	37	32
maí	42	57	24	15
júní	41	50	30	22
júlí	48	65	35	35
ágúst	66	79	27	39
sept.	72	163	57	46
okt.	97	154	75	57
nóv.	85	141	76	45
des.	81	149	74	54
ár	805	1265	616	474

TAFLA 2.

Meðalhiti 1931-1960, °C.

	Rvk.	Galtarv.	Æðey	Akureyri
jan.	-0.4	-0.5	-1.4	-1.5
feb.	-0.1	-0.8	-1.7	-1.6
mars	1.5	0.3	-0.7	-0.4
apríl	3.1	1.2	0.8	0.2
maí	6.9	4.8	4.8	3.4
júní	9.5	7.8	8.1	6.3
júlí	11.2	9.6	9.4	8.1
ágúst	10.8	9.2	8.8	8.3
sept.	8.6	7.3	7.4	6.7
okt.	4.9	4.3	3.7	3.9
nóv.	2.6	2.3	1.8	1.9
des.	0.9	0.7	0.0	0.3
árið	5.0	3.8	3.4	3.1

2.2. Veðurfar.

Hin háu fjöll hafa töluverð áhrif á veðurfar á Vestfjörðum. Þau hlífa víða byggðinni fyrir köldum næðingnum, en valda einnig sterkum kastvindum og hvirfilbyljum.


Veðurathuganir eru heldur af skornum skammti á Vestfjörðum. Úrkoma, vindátt og vindhraði er mjög staðbundið vegna landslags og því erfitt að heimfæra athuganir veðurstöðva yfir á aðra staði. Hitafar er mjög breytilegt og hefur fjarlægð frá opnu hafi þar mikil áhrif. Hitasveiflur aukast þeim mun lengra sem inn á land er komið.

Ársmeðalhiti er á strandstöðvum á sunnanverðum Vestfjörðum 4-5°C, en 3-4°C á öðrum hluta Vestfjarðakjálkans. Febrúar er kaldasti mánuðurinn á öllu svæðinu, frá meðalhita -1.7°C í innfjörðum að norðanverðu og um 0.8°C að sunnanverðu. Í júlímánuði nær hitinn yfir 10°C aðeins á suðurströndum Vestfjarða og í inndölum þegar norðar dregur.

Úrkoma er 1.200-1.600 mm á ári, á annesjum og í Barðastrandasýslum, en 600-1000 í innsveitum norðan til. Mestur hluti úrkomunnar fellur á vetrum, aðallega sem snjókoma að norðanverðu, en suðurhluti Vestfjarða er snjóléttari, þrátt fyrir meiri úrkomu, þar sem vetrarrigningar eru algengari.

Engin veðurathugunarstöð er í Súðavík og eru næstu stöðvar Galtarviti og Æðey. Þar er ársmeðalhitinn 3.4°C. Meðalhitinn í sept. - maí er 1.6°C og í júní - ágúst 8.7°C. Úrkoma í Æðey er 700 mm á ári. Í Súðavík er meðalhiti nokkuð hærri auk þess sem mun meira logn er þar en í Æðey.

Algengustu vindáttir eru; norðaustanáttin, sem er mjög ríkjandi einnig er norðanáttin algeng. Meðalfjöldi úrkomudaga á ári eru um 200 og um 100 daga er úrkomu snjór að nokkru eða öllu leyti. Alskýjað er rúmlega 200 daga á ári og alhvít jörð um 110-113 daga á ári að jafnaði.



snjóflóðasvæði

fyrirhugaðar snjóflóðavarnir



Snjóflóð.

Nokkuð er um að snjóflóð falli ofan við byggðina í Súðavík, syðsta svæðið nefnist Traðargil, en þar eru snjóflóð hvað tíðust og til eru sagnir um að þau hafi náð allt niður að sjó. Árið 1983 féllu tvö snjóflóð ofan við núverandi byggð, ekki eru til dæmi um snjóflóð á þessum svæðum fyrr á þessari öld. Gerð hefur verið tillaga að snjóflóðavörnum unnin af Árna Traustasyni tæknifræðingi á Ísafirði, en á mynd 4 sést staðsetning þeirra, og er framkvæmdum skipt í tvo áfanga. Er áður nefndum framkvæmdum er lokið verður væntanlega hægt að úthluta lóðum við Skólaveg og Engjaveg, en sem stendur er einungis hægt að úthluta lóðum við Nesveg og neðanverðan íþróttavöll. Einnig þarf að gera ráð fyrir snjóflóðavörnum um miðbik byggðarinnar, en þar er fyrirhugað að reisa skóla. Núverandi skóli er staðsettur 1.6 km innan við byggðina. Mál Súðavíkur hefur verið til umfjöllunar í Ofanflóðanefnd og má gera ráð fyrir að framkvæmdir við snjóflóðavarnir hefjist á komandi árum.

2.3. Hafið og miðin.

Af Vestfjörðum er stutt á fengsæl fiskimið og víðast hvar er góð lendingaraðstaða. Auðlindir á landi eru af skornum skammti og samgöngur milli byggða oft erfiðar nema sjóleiðina á vestrúm. Þannig hefur byggð á Vestfjörðum um aldir verið nátengd hafinu og sjávarföngum.

Hafstraumar umhverfis landið hafa mikil áhrif á hitafar. Loftslag er milt á Íslandi, miðað við legu landsins, vegna áhrifa hlýsjávar við landið.

Vestur með suðurströnd landsins og í norður berst hluti af hinum hlýja Norður-Atlantsstraumi, Irmingerstraumurinn. Ein kvísl af straumnum heldur áfram fyrir Horn og austur með Norðurlandi. Frá Norður Íshafi kemur hins vegar kaldur straumur, Austur-Íslandsstraumur og liggur til suðausturs úti fyrir Norðaustur- og Austurlandi.

Við suður- og vesturströnd landsins er hitastigið herra en við norður- og austurströndina.

Allskörp hitaskil eru þar sem mætast Irmingerstraumurinn og Austur-Grænlandsstraumurinn, út af Norð-Vesturlandi og við suðausturströndina þar sem kaldur sjór sem berst suður með Austfjörðum mætir hlýjum Atlantssjó.

Í mars er sjávarhiti hvað lægstur hér við land. Úti fyrir Vestfjörðum fer hitinn niður fyrir 3°C. Í ágúst er hitinn alla jafna hæstur, 8-10°C. Selta sjávar við Ísland er tiltölulega há á úthafssvæðum sunnan og suðvestan Íslands, en minni selta í köldum sjónum úti fyrir Norðvesturlandi og Austurlandi. Í seltulitlum sjó er meiri hætta á hafís og ísmyndun en í seltumiklum sjó.

Í köldu veðri getur hafís lagst að ströndum landsins. Sá hafís sem berst að ströndum landsins kemur með Austur-Grænlandsstraumnum, og kemur yfirleitt fyrst og oftast einkum að Norðvesturlandi. Ef hafíss gætir að einhverju marki hér við land hefur það mikil áhrif á veðurfar, gróðurfar og samgöngur á sjó, einkum á norðanverðu landinu.

Útbreiðsla hafíss er nálægt lágmarki snemma í október hér en alla jafna mest á tímabilinu mars-maí. Má reikna með að á þriggja til fimm ára fresti nái hafísinn inn vestanverðan Húnaflóa fyrir mynni Steingrímsfjarðar og jafnvel inn í Hrútafjörð. Einnig með Vestfjarðakjálkanum að vestanverðu að Bjargtöngum, en ekki eru miklar líkur á að hafís berist inn á firðina þar.

Hitaskil heitra og kaldra hafstrauma eru úti fyrir Vestfjörðum. Þar er auðugt af plöntusvifi, sem er ein meginforsenda góðra fiskimiða. Sviflæg krabbadýr eins og rauðáta og aðrar tegundir krabbaflóa nærast á plöntusvifi og eru mikilvæg fæða uppsjávarfiska eins og loðnu og síldar. Uppsjávarfiskar eru síðan fæða botnlægra fisktegunda eins og Þorsks og ýsu.

Úti fyrir Vestfjörðum eru ein fengsælustu mið landsins, helstu mið fyrir togara og stærri báta, Látragrunn, Reykja-fjarðaráll, Víkúráll og Halinn.

III. FORSENDUR BYGGÐARINNAR.3.0. Saga byggðar og þróun.

Í Súðavík er talið að fyrstu landnámsmenn hafi verið Eyjólfur hné og Þuríður Rímgylta sem bjuggu í Seyðisfirði. Orðið súð þýðir bátur og dregur byggðin nafn af því. Í gegnum aldrinar hefur verið stundaður búskapur og útgerð í Súðavík.

Um 1700 var Súðavíkurhrepps fyrst getið í heimildum sem þingstaðar. Þá mun Súðavíkurhreppur hafa náð frá Búðahrauni að Fjarðará í Hestfirði. Þingstaður var í Súðavík og þykir það kynlegt þingstaðarval, en margt bendir þó til þess að breyting hafi orðið á hreppaskipun. Telja menn að Súðavíkurhreppur hafi verið stærri fyrr á öldum og náð yfir Skutulfjarðarhrepp og meginhluta Súðavíkurhrepps. Hinn forni hreppur hafi síðan skipst, en þingstaður haldist óbreyttur, e.t.v. vegna þess að þar hafi verið mannvirki fyrir þinghald. Súðavík var jafnframt þriggja hreppa þingstaður, og hafa íbúar Skutulsfjarðar, Súðavíkur- og Ögurhrepps væntanlega sótt þing þangað.

Síðar í landshöfðingjabréfi 1882 var heimilað að flytja þingstað hreppsins frá Súðavík að Tröð í Álftafirði og væri þar tryggt húsnæði til þinghalds.

Um 1880 hefja Norðmenn hvalveiðar við Ísland og var fyrsta hvalveiðistöð þeirra á Langeyri, en þær urðu síðan þrjár, því Dvergasteinn og Uppsalir bættust við, en vinnufólkið hafði aðsetur í Súðavík.

Um 1913 hófu Súðvíkingar hrefnuveiðar og voru þeir fyrstir Íslendinga til að hefja þá útgerð. Upphafsmaður veiðanna var Þorlákur Hinrik Guðmundsson, kallaður Hrefnuláki. Gerði hann út fjögurra hestafla bát ásamt Guðjóni Brynjólfsyni og Ólafi Jónssyni, og var þar með hafinn nýr atvinnuvegur, að vísu í smáum stíl, en þó fyrsti vísir að þeirri hvalveiði er nú er stunduð með arðbæru móti. Um sama leyti flytja Norðmenn starfsemi sína til Austfjarða.

Árið 1916 byrja síldveiðar við Álftafjörð og var gert út frá Langeyri, Hattardalseyri og Dvergasteini og voru um 100 manns á hverjum stað.

Hafnarskilyrði eru góð á Langeyri, en þar er höfn frá náttúrunnar hendi, í Súðavík voru eingöngu skilyrði fyrir árabáta, einhver hafnarbót var gerð 1920, en um 1950 var byggð höfn í Súðavík. Má segja að það hafi verið vegna stjórnmalalegra deilna sem byggð þróaðist í Súðavík en ekki við Langeyri þar sem allar aðstæður eru mun betri.

Helstu útgerðarmenn í gegnum árin voru:

Jón Guðmundsson á Eyrardal, sem gerði út tvo kúttara rétt fyrir aldamót.

Kristján Hjaltason í Súðavík sem var fyrstur manna til að nota nýstárlega öngla til að draga smokk í Álftafirði 1875.

Ásgeir Ingimar Ásgeirsson kaupmaður í Tröð var fyrstur manna til að setja vél í bát 1904.

Jón Valgeirsson í Súðavík sem gerði út 2 - 3 árabáta sem voru fimm manna för. Seinna gerði hann út einn sexæring sem vél hafði verið sett í.

Grímur Jónsson kaupmaður, sonur Jóns Valgeirs, var með stærri útgerðarmönnum síns tíma.

Á kreppuárunum 1930-40 þurftu Súðvíkingar að selja báta sína og var aðeins einn bátur gerður út. Hins vegar stofnaði kaupfélagið á Ísafirði hlutafélagið Andvara og voru gerðir út þrír bátar frá Langeyri.

1942 eru byggð íshús bæði í Súðavík og á Langeyri og var Grímur Jónsson með í því.

Mest byggð í hreppnum hefur ávallt verið við Álftarfjörð en þar eru talin 23 býli 1932, 7 bæir við Seyðisfjörð og 3 býli við Hestfjörð.

Læknissetur var um árabíl í Súðavík, símstöð var opnuð 1946 og sjálfvirkur sími kom 1969. Póstafgreiðsla hófst árið 1945, en bréfhirðing hafði verið þar frá 1898.

Súðavíkurhreppur nær frá Götum, yst í Súðavíkurhlíðum, um Álftafjörð allan, Seyðisfjörð og Hestfjörð vestan- og innanverðan út að landi Hvítaness í Ögursveit.


Öll áður nefnd byggð átti kirkjusókn að hinum forna kirkjustað Eyri við Seyðisfjörð. Kirkja var reist í Súðavík 1961, kirkjuhúsið stóð áður á Hesteyri í Jökulfjörðum, en var rífið og endurbyggt í Súðavík, þar var áður hálf kirkja og hélst hún fram á 18. öld.

Íbúar Súðavíkur voru 221 árið 1920 og var fjölgunin nokkuð stöðug frá aldamótum til ársins 1950, en á áratugnum þar á eftir varð nokkur fækkun. Frá 1960 hefur verið jöfn aukning fram til dagsins í dag og þann 1. des 1984 voru skráðir íbúar í Súðavík 266.

Á síðustu árum hefur atvinnuástandið verið gott og hefur mest að segja koma fleiri og fullkomnari skipa, einkum skutogarans, þannig að ekki hefur verið árstíðabundið atvinnuleysi frá þeim tíma. Aukning afla var mikil fram til ársins 1980 og var þá ráðist í stækkun og betrubætur á fiskverkunarhúsnæði. Af þessu hefur leitt nokkur aukning í verslun, fiskverkun og opinberri þjónustu.

Framtíðarhorfur fyrir Súðavík verða að teljast all góðar þrátt fyrir töluverða aflaminnkun frá 1980-1984, en nálægðin við fengsæl fiskimið tryggja örugga atvinnu í fiskveiðum og fiskvinnslu. Gera verður ráð fyrir að aflí aukist ekki á næstu árum og brýnt er að nýta hráefnið mun betur en gert er í dag.


ÍBÚAFJÖLDI



5. Þróun dreifbýlis og þéttbýlis á Vestfjörðum.

ÁR

ÍBÚAFJÖLDI




6. Þróun þéttbýlisstaða á Vestfjörðum (Ísafjörður og Hnífsdalur sameinaðir 12.05.1970.)

3.1. Íbúabróun Vestfjarða.

Á árunum 1901-1975 jókst fjöldi landsmanna úr 78.470 í 219.033, á sama tíma fækkaði íbúum Vestfjarða um 2500, þó mest milli árana 1933-1975 eða um 21% en á sama tíma jókst fjöldi landsmanna um 93%. Mest var fækkunin til sveita frá 1911-1975, þá fækkaði íbúum úr 5.941 í 2.184, en á sama tímabili fjölgaði íbúum úr 4.302 í 7.814 á þéttbýlisstöðum.

Mest fækkaði á Vestfjörðum af öllum landshlutum síðustu áratugina og einkennandi er að hlutfallsleg fækkun var meiri í dreifbýli á Vestfjörðum en í nokkrum öðrum landshluta.

Megin orsök fólksfækkunarinnar í mörgum sveitum á Vestfjörðum er sú breyting sem varð á afkomugrundvelli, þar eð útræði og hlunnindi voru oft metin til jafns við landbúnað er stundaður var við erfið skilyrði. Segja má að Hornstrandir og stór hluti byggðar út með fjörðum og ystu sjávarströndum hafi lagst af. Vélbátaútgerð og örar tækniframfarir í fiskveiðum stuðluðu að aukinni atvinnu og aðflutningi til þéttbýlisstaða. Eftir 1975 hefur þróunin verið svipuð, heildaríbúafjöldi á Vestfjörðum var 1.12. 1980 10.479 íbúar, þar af bjuggu 8.558 íbúar í þéttbýli og 1921 í dreifbýli. Á allra síðustu árum hefur fækkunin verið lítil og nánast stöðnun hvað varðar íbúaaukningu þéttbýlisstaðanna.



7. Fjöldi íbúa í Súðavík og framreikningur til ársins 2007.


3.2. Íbúabróun Súðavíkur.

Þéttbýlismyndun hefst í Súðavík um aldamótin, elstu tölur eru frá 1920 og þá eru skráðir íbúar 221. Fólksfækkun verður áratuginn þar á eftir, en síðan lítil en jöfn aukning fram til ársins 1950. Áratuginn þar á eftir varð nokkur fækkun og 1960 voru íbúar Súðavíkur 184. Síðan hefur verið stöðug aukning fram til dagsins í dag.


Með auknum íbúafjölda hófust ýmsar framkvæmdir og helst er að nefna hafnargerð, atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar, einnig hafa verið gerðar betrubætur á vegakerfi og lagt hefur verið bundið slitlag á þjóðveginn gegnum þorpið.

Fjöldi þeirra er flytja árlega til og frá Súðavík er nokkuð jafn ef litið er á tímabilið í heild, fyrir utan árin 1981 og 82, eða um 10%.

Erfitt er að segja til um íbúabróun Súðavíkur á skipulags-tímabilinu, þar eð litlar breytingar í atvinnulífi geta haft mikil áhrif þar á. Í fyrsta lagi er reiknað með sömu fjölgun og á landinu öllu 1970-80 eða 1% á ári, verða þá íbúar Súðavíkur 330 árið 2007, miðað við 0.5% aukningu verða íbúar 296 og miðað við 1.5% aukningu 368 árið 2007.



8. FJÖLDI AÐFLUTTRA OG BROTTFLUTTRA Í SÚÐAVÍK 1971-1985



9. ALDURSSKIPTING 1986 Í SÚÐAVÍK OG ALLT LANDIÐ

3.3. Mælingar og eldri skipulagsáætlanir.

15. desember 1959 er sent bréf til skipulagsnefndar ríkisins og skýrt frá ákvörðun er tekin var á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 10.4. s.á., þar sem eftirfarandi var samþykkt. Bagalegt sé að enginn skipulagsuppdráttur skuli vera til fyrir kauptúnið, þar sem unnið hafi verið við opinberar framkvæmdir og íbúðahúsabyggingar, og að enn standi fyrir dyrum framkvæmdir.

28.04.1957. Hannibal Valdimarsson óskar þess að Súðavík verði mæld og skipulögð sama ár.

26.09.1959. Tillaga send frá Skipulagsstjóra að skipulagi umhverfis nýja barnaskólann og er tekið fram að þetta sé hentugasta svæðið í Súðavík til byggingar. Barnaskólanum er ætluð rúmgóð lóð, 8.000 m². Íbúðarhúsalóðirnar eru einnig rúmgóðar eða um 750-800 m², og ný gata er 10m breið. Austan byggðarinnar er ráðgerður íþróttaleikvangur. Austan kirkjugarðs er gert ráð fyrir kirkju.

7.10.1959. Send ný tillaga að aðalskipulagi að Súðavík og er hún samþykkt að öðru leyti en því að íþróttasvæði verður stækkað, svo og íbúðarhúsalóðir.


24.01.1961 er skipulagsstjóra endursendur uppdráttur af Súðavík og höfðu borist sex athugasemdir, og er óskað eftir stöðfestingu stjórnarráðsins hið fyrsta, vegna þess að landsvæði það er uppdrátturinn nær yfir er í einkaeign.

9.09 1968. Sent svar við erindi oddvita Súðavíkur frá 6.09.1968 varðandi kaup á jörðinni Saurum, þar sem skipulagsstjórn mælir með erindinu.

11.04.1969 er sendur endurskoðaður skipulagsuppdráttur og helstu breytingar frá þeim fyrri eru; tilfærsla á Aðalgötu, færsla á þjóðvegi innan kirkju og breyting á vegakerfi upp af höfninni. Auk þess er gert ráð fyrir að þetta byggðina meðfram Aðalgötu, þar sem slíkt hentar, en í allt er gert ráð fyrir 72 einbýlishúsalóðum.

ÍBÚAFJÖLDI

AÐFLUTTIR
 BROTTFLUTTIR



10. FJÖLDI AÐFLUTTRA OG BROTTFLUTTRA Í VESTFJÖRÐUM 1971-1985

27.01.1972. Send endurskoðuð tillaga að aðalskipulagi og eru helstu breytingarnar á vegakerfinu. Einnig er lagt til að uppdrátturinn verði auglýstur sem fyrst.

25.10.1972 óskar hreppsnefnd Súðavíkur eftir láni að upphæð 1 millj. kr. frá Landakaupasjóði ríkisins, til kaupa á landi innan þorpsins. Landskikar þessir eru inni í þorpinu og standa mjög í vegi fyrir eðlilegri útfærslu þorpsins.

7.09.1973 er send endurskoðuð tillaga að skipulagi Súðavíkur. Helstu breytingar eru þær, að fækkað hefur verið húsum við mógrafirnar vegna jarðdýpis, auk þess er íþróttavöllurinn nú staðsettur í brekkunni.

7.04.1974 er send endurskoðuð tillaga að skipulagi Súðavíkur og hefur þjóðvegurinn verið færður nokkuð nær sjónum á köflum. Tilfærsla þessi er gerð samkvæmt ábendingum frá Vegagerð ríkisins og er umsagnar sveitarstjórnar óskað.

9.09.1974 staðfestir félagsmálaráðuneytið skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkaupúni.

13.01.1975 ritar Skipulagsstjóri ýmsum sveitarstjórnarmönnum bréf, þ.á.m. sveitarstjóranum í Súðavík, og er þess vænst að safnað verði saman upplýsingum um snjóflóð og stærð þeirra, þannig að í framtíðinni sé hægt að taka fullt tillit til þeirra við m.a. skipulagsstörf.

27.07.1978. Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti frá 9.09.1974 að þjóðvegurinn skuli færast aðeins nær sjónum, frá samkomuhúsinu að fjárréttinni. Við kaupfélagið nemur færslan 8 metrum, en við Neðri-Grund nemur færslan 12 metrum.

18.08.1978 staðfestir félagsmálaráðuneytið breytingu á þjóðvegi milli samkomuhúss og Neðri-Grundar.

23.07.1979 samþykkti hreppsnefnd Súðavíkurhrepps breytingu á staðfestu aðalskipulagi, er felur í sér breytta landnotkun við Aðalgötu. Í stað opinberrar byggingar og verslunarhúss verði gert ráð fyrir tveim tveggja hæða

fjölbýlishúsum, á lóðunum Aðalgata 2 og 8. Erindið var staðfest af félagsmálaráðuneytinu 1.10.1979.

9.06.1980 ritar oddviti Súðavíkurhrepps Skipulagsstjóra bréf og óskar eftir því að byggðarlagið verði kortlagt, því mjög brýnt er að vinna að skipulagi byggðarlagsins, en þar vantar lóðir fyrir iðnað ýmiss konar og félagastarfsemi.

19.10.1980 samþykkir hreppsnefnd færslu á íþróttavelli eftir samþykktu aðalskipulagi, nú ofan Túngötu en yrði ofan Aðalgötu 52-60. Óskað er samþykkis skipulagsstjórnar ríkisins.

Skipulagsstjóri samþykkir að færa íþróttavöll en kort vantar og því erfitt að mæla með nýrri staðsetningu.

1982 tekur Benedikt Bjarman við skipulagsvinnu fyrir Súðavík, og hans fyrstu verkefni voru drög að aðalskipulagi Súðavíkur, snjóflóðavarnir og gatnakerfi þorpsins.

1985 tók Unnsteinn Gíslason við skipulagsvinnu fyrir Súðavík, og hefur hann unnið að gerð greinargerðar og lokafrágangi á uppdrætti.

IV. AÐALSKIPULAGIÐ 1987-2007.4.0. Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar.

Megin forsenda við gerð skipulags er núverandi byggð og mikilvægt markmið er að nýta til fullnustu þá grunngerð byggðarlagsins sem fyrir er.

Þá er nauðsynlegt að ávallt séu fyrir hendi byggingarhæfar lóðir undir íbúðarhúsnæði, einnig að fylla í eyður innan núverandi byggðar, jafnframt því að byggingarframkvæmdir fari að mestu fram á einu svæði í einu.

Þá ber að gæta fyllsta umferðaröryggis t.d. með gerð gangstétta, góðum frágangi gönguleiða og hafa gatnamót skýr. Við framkvæmd skipulags ber einnig sífellt að hafa í huga aðgengi aldraðra og hreyfihamlaðra.

Telja má að takmörkuð aukning verði í frumgreinum atvinnulífsins, fiskveiðum og landbúnaði, en aukning verði aðallega í greinum úrvinnslu og þjónustu.

Tilhögun framtíðarbyggðar.

Íbúðarlóðir. Miðað við fjölda íbúa er nýtingarhlutfall lóða frekar lágt í Súðavík, þar sem stór hluti íbúðarhúsnæðis eru nýleg einbýlishús á stórum lóðum. Ætla má að raðhús og önnur tegund þéttari byggðar muni aukast á næstu árum. Þá mun þéttari byggð og byggingarframkvæmdir á ákveðnu svæði verða ódýrari fyrir sveitarfélagið, vegna styttri gatna og veitulaagna.

Iðnaðarlóðir. Erfitt er að áætla lóðarþörf þar sem mikill munur er á hinum ýmsu greinum iðnaðar. Er það háð því hvers konar iðnaður fengist til Súðavíkur, hversu mikið landsvæði þarf að áætla undir iðnaðarstarfsemi eða skyldan rekstur.

Þörf fyrir skrifstofu- og verslunarhúsnæði eykst nokkuð með auknum íbúafjölda, einnig er húsnæði áður nefndra starfsgreina í flestum tilfellum of lítið. Ákveðinn hluti skrifstofuhús-

næðis telst til opinberrar þjónustu og annað er í tengslum við iðnaðarstarfsemi.

Opinberar byggingar standa margar hverjar á stórum lóðum, er því hægt að mæta aukinni húsnæðisþörf á núverandi lóðum. Þó verður að gera ráð fyrir minni lóðum fyrir opinbera þjónustu í tengslum við ný svæði.

Hafa þarf í huga hve mikill hluti byggðar fer undir götur, útivist og opin svæði án sérstakra nota. Slíkt fer vissulega eftir landsháttum á hverjum stað en víða er allt að því eins mikið land undir götur og almenn útivistarsvæði eins og fer undir sjálfa byggðina.

4.1. Íbúðabyggð.

4.1.0. Almenn.

Þróun íbúðarhúsnæðis hefur verið með svipuðum hætti í Súðavík og annars staðar á landinu. Íbúðarflatarmál á hvern íbúa hefur vaxið mjög á stuttum tíma. Þar er bæði um að ræða, að meðalstærð íbúða hefur vaxið, en einkum hitt að fjölskyldumeðlimum á hverja íbúðareiningu hefur fækkað. Áhersla hefur verið lögð á framleiðslu stórra íbúða, einkum í einbýlishúsum. Eðlilegt væri í framtíðinni að taka meira tillit til misstórra fjölskyldna, þannig að til verði íbúðir er henti einstaklingum og fámennum fjölskyldum. Mætti í því sambandi vel hugsa sér að leyfa í auknum mæli tvær íbúðir í svökölluðum einbýlishúsum.

4.1.1. Núverandi íbúðarhúsnæði.

Fjöldi íbúða í Súðavík var árið 1985 88, og eru þá um 2.9 íbúar á hverja íbúð, sem er nokkuð lágt hlutfall, en algengt er að íbúar á íbúð séu um 3.5 eða þar yfir í öðrum bæjarfélögum á Vestfjörðum.

Íbúðarhúsnæði í Súðavík er frekar nýlegt, nálega helmingur alls íbúðarhúsnæðis er byggður á síðustu tveimur áratugum.

Fjöldi fullgerðra íbúða á ári hefur verið mjög mismunandi síðastliðin 20 ár, eins og tafla 3 sýnir.

3. Meðaltal fullgerðra íbúða á ári.

Meðaltal fullgerðra íbúða á ári.

1960-64	0.8
1965-69	0.8
1970-74	2.0
1975-79	2.4
1980-84	1.6

Nýtingarhlutfall íbúðasvæða í Súðavík er lágt enda ein-kennist byggðin af fremur stórum íbúðalóðum, auk þess eru nokkrar auðar lóðir í þegar byggðum hverfum. Æskilegt er að nýtingarhlutfall í nýjum hverfum verði herra og er æskilegt að í nýjum hverfum verði lág og þétt byggð með nýtingarhlutfall 0.3.

Núverandi íbúðabyggð í Súðavík er um 8.5 ha lands og eru þá götur og opin svæði ekki talin með. Að jafnaði fer um 20% af landsvæði íbúðabyggðar undir opin svæði og vegi, en það hlutfall er oft herra og fer það mikið eftir staðháttum.


4.1.2. Húsnæðisþörf og landnotkun.

Þegar reikna skal þörf fyrir nýjar íbúðir fyrir næstu tvo áratugi eru mörg atriði sem taka þarf tillit til. Í fyrsta lagi er áætluð íbúafjölgun. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir lágmarks og hámarks íbúafjölgun. Þannig er áætlað að íbúar Súðavíkur verði lágmark 296 en hámark 368 árið 2007.

Einnig er reiknað með því að íbúum á íbúð fjölgi, þannig að um aldamótin verði að meðaltali 3.2 íbúar/íbúð. Ennfremur er reiknað með að fermetrafjöldi á íbúa verði um aldamótin um $40 \text{ m}^2/\text{íbúa}$.

Að þessum forsendum gefnum er reiknað með að íbúðafjöldi árið 2007 þurfi að vera 105 miðað við lægri íbúatölu en miðað við þá hærri 128. Þá er gert ráð fyrir að eitthvað af núverandi íbúðum verði rifnar eða teknar undir aðra notkun. Áætla má að einar 5 íbúðir verði teknar úr íbúðar-notkun á skipulagstímabilinu.

Áætla má að á skipulagstímabilinu þurfi um 38 nýjar íbúðir miðað við hærri framreikning en um 17 miðað við þann lægri. Gróft reiknað tekur núverandi íbúðabyggð um 8,5 ha lands en áætluð viðbótarlandþörf vegna íbúðarhúsnæðis verður 3.5 ha miðað við hærri framreikning en 1.5 ha miðað við þann lægri. Á skipulagsupprætti eru sýndir 5.8 ha lands undir nýja íbúðabyggð, er að hluta til nýttist að skipulagstímabili loknu. Erfitt er að segja til um hvaða svæði verða fyrst byggð, þar eð bygging snjóflóðavarna er ekki hafin, en fyrstu tveir áfangar verða nyrst í bænum, en nokkrar lóðir eru syðst og nyrst í bænum er ekki eru háðar byggingu áður- nefndra varnarmannvirkja.



12. HLUTFALLSLEG SKIPTING HELSTU ATVINNUVEGA
Í SÚÐAVÍK

4.2. Atvinnulíf.4.2.0. Almenn lýsing.

Staðsetning Súðavíkur er á norðanverðum Vestfjarðakjálkanum, og undirstaða byggðarlagsins eru hin gjöfulu mið úti af Vestfjörðum. Undirlendi er takmarkað og þeim er stunda landbúnað fækkar stöðugt, en fiskveiðar og fiskverkun hefur aukist að sama skapi.


Þéttbýli tók að myndast um aldamótin en á þeim tíma hófu Norðmenn mikla útgerð á Langeyri. Árið 1920 voru íbúarnir orðnir 221 og fjölgaði þeim hægt fram til 1950 og voru þeir bá 231. Á árunum þar á eftir fækkaði íbúum og var það fyrst upp úr 1970 að íbúafjöldinn jókst og 1984 voru íbúar Súðavíkur 266.

Aðalatvinnuvegirnir eru fiskveiðar og fiskverkun og hefur hvoru tveggja eflst mikið á síðustu árum. Þá hefur fiskiskipastóllinn aukist svo og landaður afli, nema síðustu árin. Einnig hefur hafnaraðstaðan verið mikið bætt. Þróun síðustu ára hefur gert það að verkum að atvinnuástand er gott og atvinnuleysi hefur verið lítið frá komu 150 tonna báts, Kofra, árið 1969.

Framtíðarhorfur fyrir Súðavík hljóta að endurspeglast af þeim ákvörðunum er teknar verða í sambandi við fiskveiðimálin. Þá verður að stefna að því að auka vinnslustig hráefnisins þannig að gert er ráð fyrir að flest störf á næstu árum verði í áðurnefndum greinum.

4.2.1. Landbúnaður.

Landbúnaður hefur ávallt verið nokkur í hreppnum, bó mest við Álftarfjörð, þar voru talin 23 býli 1923, 7 býli við Sevðisfjörð og 3 býli við Hestfjörð. Fjögur býli eru nú í ábúð í hreppnum og er Minni-Hattardalur beirra stærstur, en bústofninn er aðallega sauðfé.



13. LANDAÐUR AFLI Í SÚÐAVÍK 1968-1986

Engin framleiðsla er á landbúnaðarvörum í Súðavík, en allar afurðir eru sendar til Ísafjarðar, þar sem starfrækt er mjólkurbú og sláturhús.

Nokkuð var um að fólk úr hreppnum sækti vinnu til Súðavíkur og var það aðallega við fiskverkun yfir vetrartímenn.

Fækkun á fjölda ársverka í landbúnaði hefur verið nokkuð jöfn yfir undanfarin ár og var hlutfall ársverka árið 1985 5,3%.

4.2.2. Fiskveiðar.

Landaður aflí í Súðavík var árið 1984 4.526 tonn og var það um 3.5% af lönduðum afla á Vestfjörðum það árið. Landaður aflí hefur farið minnkandi á síðustu árum, frá 1980 6.500 tonn til dagsins í dag, en þar áður var stöðug aflaaukning frá árinu 1972.


Í Súðavík eru gerðir út fimm bátar, 13-40 tonn að stærð, og einn skuttogari. Bátarnir stunda aðallega rækjuveiði, tveir þeirra stærstu stunda einnig úthafs rækjuveiðar á sumrin, ásamt leiguskipum. Löndun afla hefur verið meiri og jafnari, og árstíðabundið atvinnuleysi er að mestu leyti úr sögunni.

Skuttogari kom til Súðavíkur 24.05. 1973 og á árunum þar á eftir tvöfaldaðist landaður aflí. Aflinn er aðallega bol-fiskur, þorskur, ýsa, karfi og ufsi auk þess veiðist nokkuð af grálúðu og steinbít.

Fiskveiðar og fiskiðnaður eru aðalatvinnuvegirnir og 1985 voru 60,9% ársverka unnin í áður nefndum greinum. Sama ár var hlutfall ársverka í fiskveiðum 13.6%.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að betrubótum á höfninni, og má segja að núverandi ástand sé mjög gott, en eftir er að lagfæra aðstöðu smábátanna nokkuð.

Útgerðaraðilar eru brír; Álftfirðingur h.f., stofnað 1960, gerir út skuttogarann Bessa ÍS og tvo báta að auki, Frosti h.f., rekur hraðfrystihúsið og gerir út 2 báta og Þorgrímur h.f., er gerir út 1 bát.



14. SKIPTING AFLA Í SÚÐAVÍK EFTIR MÁNUÐUM 1986

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir uppfyllingu sunnan við frystihúsið, en vegna aðdýpis og þar af leiðandi háum kostnaði er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum á næstu árum.

Þrátt fyrir mikla aukningu á lönduðum afla árið 1985, er ólíklegt að áframhald verði á þeirri fiskigengd, en líklegt verður að teljast að skipafjöldi og fjöldi starfa í fiskveiðum verði svipaður á næstu árum.

4.2.3. Fiskvinnsla.

Í Súðavík er starfrækt fiskvinnslufyrirtækið Frosti h.f. stofnað 1942. Þar er alhliða fiskverkun, frysting, rækjuvinnsla og mjölvinnsla er staðsett við hafnarsvæðið í þorpinu, húsnæði og tækjakostur er nýlegur og öll aðstaða góð. Á Langeyri er staðsett eldra fiskvinnsluhúsnæði, þar er verkaður saltfiskur og skreið, einnig eru þar vistarverur aðkomufólks. Starfsmenn frystihússins eru á bilinu 50-60.

Aflasamdráttur hefur átt sér stað með tilkomu kvótakerfisins, auk þess hefur útflutningur á ferskfiski í gámum og lök kjör fiskverkunarfólks orðið til þess að erfitt er að fá fólk í þau störf og hefur verið stuðst við erlendan vinnukraft. Hefur áður nefnt ástand orðið til þess að hluta aflans er ekið út á Ísafjörð, því erfitt er að fá vinnukraft til að vinna afla í verðmætustu pakkningarnar, m.a. á Bandaríkjamarkað.

Árið 1985 var hlutfall ársverka í fiskiðnaði 47,3% og hafði minnkað nokkuð frá árunum þar á undan. Gert er ráð fyrir að landaður afli verði svipaður á næstu árum, er undirstrikar að aukna áherslu verður að leggja á að nýta hráefnið mun betur en gert er í dag. Sú þróun myndi vafalítið gefa af sér aukinn fjölda atvinnutækifæra og aukið útflutningsverðmæti.

4.2.4. Iðnaður.

Iðnaður, annar en fiskverkun og byggingariðnaður, í Súðavík, hefur átt erfitt uppdráttar vegna mannfæðar og nálægðar við Ísafjörð. Árið 1985 var hlutfall ársverka 5.1%. Aðeins tvö iðnfyrirtæki eru starfandi; Bifreiðaverkstæðið Möndull og Áhaldahús Auðuns Karlssonar.

Byggingariðnaður hefur verið nokkur í Súðavík á síðustu árum, en hefur hlutfall ársverka lækkað um helming og var árið 1985 6.0%.

4.2.5. Verslun.

Útibú Kaupfélags Ísfirðinga er eina nýlenduvöruverslunin í Súðavík, auk þess er starfrækt bensínafgreiðsla. Umsvifin eru lítil og gætir þar nálægðar Ísafjarðar. Skrifstofur tengjast stærri fyrirtækjum og bæjarfélaginu.

Hlutfall ársverka í verslun var árið 1985 6.8% og hafði lækkað nokkuð frá árum þar á undan.

Þá var hlutfall ársverka í samgöngum 7.6% árið 1985.

4.2.6. Þjónusta.

Atvinnutækifærum í þjónustu hefur fjölgað nokkuð í Súðavík á síðustu árum, en vegna nálægðar við Ísafjörð hefur aukningin ekki náð landsmeðaltali.

Ýmis þjónustufyrirtæki hafa umboðsmenn í Súðavík, t.d. flugfélög, happadrætti, tryggingafélög o.s.frv., en önnur þjónustustarfssemi er staðsett á Ísafirði.

Ársverk árið 1985 voru 6.0%.

4.2.7. Landnotkun og mannaflí.

Í kafla 3.2. um íbúabróun er gert ráð fyrir að fólksfjölgunin verði mest 100 manns og er þá gert ráð fyrir 1.5% aukningu, þó er líkleggra að fjölgunin verði minni, eða um 0.5-1.0%, er

þýðir að fjölgunin verður um 30-70 manns. Þegar áætluð er framtíðarlandþörf íbúða- og iðnaðarlóða, er gengið út frá hámarksfjölgun íbúa.

Fiskveiðar og fiskiðnaður veittu 60.9% mannafla atvinnu 1985. Sveiflur í sjávarútvegi koma því mjög greinilega fram í atvinnulífi Súðavíkur. Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af ásókn og nýtingu fiskstofna, framleiðsluháttum, tækninýjungum og markaðsmótun. Því er erfitt að gera nokkra raunhæfa spá um skiptingu og aukningu atvinnutækifæra til langs tíma. Ef litið er á einstakar atvinnugreinar máætla að landbúnaður bjóði ekki upp á fleiri atvinnutækifæri, nema til komi nýjar búgreinar, t.d. loðdýrarækt og fiskirækt. Atvinnutækifæri í fiskveiðum munu að öllum líkindum vera svipuð en reikna má með aukningu í fiskiðnaði, og væri sú þróun æskileg. Undanfarin ár hefur verið skortur á fólki í fiskvinnslu á Vestfjörðum og gildir það einnig fyrir Súðavík, þar sem erlendir starfskraftar hafa verið fengnir til starfa.

Erfitt er að segja til um framtíðarhorfur í öðrum iðnaði, en helst má búast við aukningu í þjónustuiðnaði.

Atvinnutækifæri í þjónustu munu aukast hvað mest, ef dæma má af þróun undanfarinna ára.

Á síðustu árum hafa komið inn á vinnumarkaðinn stórir hópar ungs fólks og reikna má með að svo verði áfram. Í framreikningi mannafla er reiknað með að hlutfall mannafla/íbúa verði nokkuð hærra en nú er.

Á skipulagstímabilinu er reiknað með auknu landrými fyrir íbúðabyggð, iðnað, þjónustu og opinberar byggingar, er nægja ættu áður nefndum flokkum út skipulagstímabilið.

4.3. Opinber þjónusta.4.3.0. Almennt.

Í Súðavík eru fyrirhugaðar framkvæmdir og sú þjónusta sem fyrir er fullnægjandi fyrir bæjarfélag af umgetinni stærð. Þá er vegalengdin til Ísafjarðar stutt og yfirleitt greiðfær. Á Ísafirði er sjúkrahús, framhaldsskólar, auk ýmis konar þjónustu er þangað verður að sækja. Lóðir flestra opinberra bygginga eru það rúmar að hægt er að koma fyrir nauðsynlegum stækkunum í tengslum við núverandi byggingar.

4.3.1. Skóli.

Kennsla hófst að Tröð í Súðavíkurbreppi árið 1891 í húsi er byggt var gagngert fyrir skólahald. Síðar var reist húsnæði fyrir barnaskólann 1.5 km fyrir innan þorpið og er það orðið gamalt, en hefur verið gert upp að miklum hluta, þar sem ekki var hægt að hefja framkvæmdir við nýjan skóla miðsvæðis í byggðinni vegna staðsetningar á snjóflóðasvæði.

Starfræktur er 1.-8. bekkur og eru nemendur um 40. Fastir kennarar eru þrír. Vegna fámennis í hreppnum og nálægðar við Ísafjörð verður ekki reistur framhaldsskóli í Súðavík á næstu árum.

4.3.2. Heilbrigðismál.

Árið 1983 var byggt nýtt húsnæði fyrir heilsugæslu á horni Grímsbrekku og Aðalgötu og kemur þangað læknir frá Ísafirði einu sinni í viku. Súðvíkingar eru meðeigendur að nýja sjúkrahúsinu á Ísafirði ásamt nágrannasveitarfélögum.

4.3.3. Dagvistun.

Ekki hafði verið starfrækt dagheimili, en börn verið í einkagæslu, nýtt dagheimili hefur verið í byggingu undanfarin ár og var tekið í notkun árið 1986.

Þeir aðilar er hafa staðið að byggingunni eru áhugasamtök um byggingu dagheimilis, með styrkjum og framlagi úr ríkis- og sveitarsjóði, en þar er gert ráð fyrir heilsdagsgæslu. Snjóflóð hafa fallið í námunda við dagheimilið og þrátt fyrir fyrirhugaðar snjóflóðavarnir ber að gæta fyllstu varúðar og jafnvel staðsetja leiksvæðið með tilliti til þeirrar hættu.

4.3.4. Félagsheimili og félagastarfsemi.

Reist var félagsheimili 1930 og er það nýtt fyrir fundar- og dansleikjahald og kvikmyndasýningar. Áform eru um að stækka húsnæðið og skapast þá aðstaða þar fyrir innanhúss-íþróttir. Á svæðinu þar í kring mun í framtíðinni verða tjaldstaði og útivistarsvæði.

Eftirfarandi félög eru starfrækt í Súðavík: Björgunarsveit Súðavíkur, kvenfélagið Iðja, slysavarnardeild Súðavíkurhrepps (S.V.F.Í.), Söngkór Súðavíkur, verkalyðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, ungmennafélagið Geisli og Foreldrafélag grunnskóla Súðavíkur.

4.3.5. Kirkja, kirkjugarður.

Kirkja og kirkjugarður eru innan við byggðina, kirkjugarðurinn er frá því skömmu eftir aldamót, en kirkjan var flutt frá Hesteyri í Jökulfjörðum, endurbyggð og vígð á páskunum 1963.

4.3.6. Opnber stjórnun.

Skrifstofur hreppsins eru við Njarðargötu í nýinnréttuðu húsnæði. Sveitarstjóri var fyrst ráðinn 1977 og er hann eini starfsmaðurinn. Hreppstjóri er með skrifstofu heima og

sinnir bráðaverkefnum og innheimtir þinggjöld. Löggæsla er á Ísafirði, svo og fangageymslur.

4.3.7. Bókasafn.

Skömmu eftir aldamót var stofnað lestarfélag í Súðavík, síðar var bókasafnið flutt í barnaskólann og árið 1978 var safnið sett í geymslu vegna húsnæðisskorts. Árið 1980 var grafinn grunnur að fjölbýlishúsi og var ákveðið að nota hluta af grunninum fyrir bókasafn og var það tekið í notkun 1985. Titlafjöldi er stór en safnið samanstendur aðallega af eldri bókum.

4.3.8. Sundlaug.

Eftir aldamótin var byggð sundlaug niður við sjávarmál og var notast við kalt vatn og var hún nýtt fram til 1935. Sund er sótt til Ísafjarðar og þar með talin sundnámsskeið.

4.3.9. Póstur og sími.

Bréfhirðing hófst 1898, símstöð var opnum 1946 og sjálfvirkur sími kom 1969. Nýlokið er við byggingu á nýju húsnæði fyrir starfseminu við Aðalgötu.

4.3.10. Ferðamannþjónusta.

Þjónusta við ferðamenn er lítil, Kaupfélag Ísfirðinga rekur útibú í Súðavík, einnig er starfrækt lítil bensínafgreiðsla niður við frystihúsið. Í bígerð er að flvtja bensínafgreiðsluna upp að Aðalgötu og verður væntanlega sett upp sjoppa og skyndibitastaður á sama stað. Gert er ráð fyrir tialdstæði og aðstöðu fyrir ferðamenn við samkomuhúsið, en þar er öll snyrtiaðstaða fyrir hendi, en telja verður vafasamt að um aðra þjónustu verði að ræða.

4.4. Samgöngur.

4.4.0. Almennt.

Umferð um Vestfirði er takmörkuð vegna norðlægrar staðsetningar, veðurfars og hálends landslags. Segja má að samgöngur séu í eðlilegu horfi 5-6 mánuði á ári.

Töluvert er eftir ógert í vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum og er sýnt að umferð ykist mikið ef ástandið batnaði. Þá má segja að samgöngur í lofti og á sjó sé eini ferðamátinn yfir vetrarmánuðina.

4.4.1. Samgöngur á landi.

Fjarlægðin milli Súðavíkur og Ísafjarðar er um 20 km og er snjó rutt virka daga ef þörf krefur vegna þeirrar þjónustu er verður að sækja inn á Ísafjörð. Ástand vega verður að teljast nokkuð gott og helstu lagfæringar eru að hækka og breikka vegi, auk þess sem lagning bundins slitlags er skammt á veg komin.

4.4.2. Flokkun gatna.

Stór hluti íbúðabyggingarinnar stendur við þjóðveginn um Djúp, og að auki eru húsagötur.

Eins og fram kemur í kafla 1.2., skýringar hugtaka, er gerð grein fyrir flokkun gatna í þéttbýli í húsagötur og umferðarbrautir, en þær síðastnefndu flokkast í stofnbrautir, tengibrautir og safngötur, allt eftir eðli þeirra. Flestar götur í gömlum hverfum og smærri bæjarfélögum falla undir húsagötur, safngötur og tengibrautir, bó svo að bein aðkoma sé að húsum og lóðum.

Í Súðavík er erfitt að greina á milli safngötu og tengibrautar, eru þær því flokkaðar undir eitt.

1. Stofnbrautir; Þjóðvegurinn gegnum Súðavík inn Djúp og til Ísafjarðar.
2. Tengibrautir og safngötur.

3. Þær götur er ekki hafa verið taldar upp falla undir húsagötur.

Hafa má í huga er götur eru hannaðar, að skilja má eftir hæfilegt pláss meðfram götum, þannig að auðveldara sé að koma fyrir snjóruðningi.

4.4.3. Göngustígar og hjólreiðabrautir.

Fjarlægðir innan Súðavíkur eru frekar stuttar, og fjöldi gangandi vegfarenda er nokkur, þó aðallega barna og er nauðsynlegt að tryggja öryggi þeirra sem best. Gera þarf ráðstafanir vegna hins hraða gegnumaksturs, með þrengingum og bungum, eins þarf að hafa í huga aksturs- og gönguleiðina inn að skóla og gera hana sem öruggasta fyrir skólabörnin.


Mikil aukning hefur orðið á vélhjóla- og reiðhjólanotkun á síðustu árum og hefur það orsakað aukna slysaþættu í umferðinni. Gera þarf ráð fyrir því að göngustígar geti að einhverju leiti nýst sem hjólreiðastígar. Í nýjum hverfum þarf að gera ráð fyrir göngu- og hjólreiðastígum í upphafi.

4.4.4. Samgöngur á sjó.

Um Súðavíkurhöfn fer einungis takmarkaður vöruflutningur, útgerðarvörur og hluti nauðsynja til héraðsins og sjávarafurðir til útflutnings fara um Ísafjarðarhöfn. Auk olíuskipa hefur flóabáturinn reglubundnar ferðir um Ísafjarðardjúp, bó án viðkomu í Súðavík.

4.4.5. Hafnarsvæðið.

Innsiglingin inn Álftafjörð er djúp og auðveld. Við byggðina og á Langevri voru reistar bryggjur og við Langeyrina var bryggjan reist fyrir aldamót í tengslum við hval- og síldveiðar Norðmanna.



15. Hafnarframkvæmdir.

Árið 1948 keypti Súðavíkurbreyttur gamla bryggju í Súðavík og árið eftir var bryggjan lengd og breikkuð. Bryggjuhausinn var stækkaður 1963 og bryggjan klædd utan á tvo vegu, brimvarnargarðurur var byggður utan við bryggjuna 1968. 1975 voru hafnarmannvirkin í Súðavík stálþilsbakki, sem stendur á ytri enda grjóttgarðs, er myndar skjól við NA-áttinni, auk þess er gömul ónýtt trébryggja. Við stálþilsbakkann var aðstaðan ófullnægjandi, því þar var aðeins pláss fyrir skuttogarann, viðlegu vantaði fyrir bátana og stóð það útgerð fyrir þrifum. Eftir athuganir á hafnarstaðinu og viðræður við heimamenn varð niðurstaðan sú að byggja skjólhöfn innan núverandi hafnargarðs. Þar yrði fyrst byggður grjóttgarður og síðan létt viðlegubryggja innan á hann. Þetta verk var hafið 1977 og var því lokið 1979. Þær framkvæmdir er framundan eru; lok grjóttgarðs og bætt viðlega báta, einnig bygging löndunarbryggju framan við frystihúsið.

4.4.6. Flugsamgöngur.

Súðvíkingar nýta flugsamgöngurnar um Ísafjarðarflugvöll, en þangað hafa Flugleiðir reglulegt áætlunarflug, þá sér flugfélagið Ernir um áætlunarflug til staða á Vestfjörðum og til Norðurlands. Súðvíkingar eru í auknum mæli háðir því að vegasambandið sé opið allt árið.

4.5. Umhverfi og útivist.

4.5.0. Almennt.

Undirlendi í Súðavík er nokkuð mikið miðað við Vestfirði almennt, innan við byggðina er hægt að finna gönguleiðir um fjörur, fjöll og dali. Við Álftafjörðinn er fagurt, bá hefur smábátæign Súðvíkinga aukist nokkuð á síðari árum, enda siglingar orðnar viss þáttur í útivistarlífi Súðvíkinga.

4.5.1. Íþróttasvæði.

Árið 1986 verður hafist handa um byggingu á íþróttavelli sunnantil í bænum og verður þar knattspyrnuvöllur í löglegri stærð, ásamt hlaupabrautum og verður væntanlega unnið að endanlegum frágangi á næstu árum. Einnig má ætla að litlum boltavelli verði komið fyrir við nýja skólahúsið, einnig er takmörkuð aðstaða við núverandi skólahús.

Hugmyndir eru uppi um að skapa aðstöðu til íþróttaiðkana innanhúss í samkomuhúsinu í framtíðinni og er áætlað að stækka það og endurbæta á næstu árum.

4.5.2. Vetrariþróttir.

Aðstaða til iðkunar vetrariþróttar í Súðavík verður að teljast nokkuð góð, undirlendi er nokkuð og eru möguleikar á að stunda skíðagöngu góðir. Fyrir nokkrum árum var keypt skíðalyfta og er hún staðsett í brekku ofan við miðbik þorpsins. Aðstaða til skautaiðkunar er á tjörninni á Langeyri.

4.5.3. Almenningsgarðar.

Ekki er nú gert ráð fyrir almenningsgarði í Súðavík, en ekki væri úr vegi að gera ráð fyrir gróðurreitum í og við byggð. Er þá helst að nefna skipulag og frágang miðbæjar að gera mætti ráð fyrir svæði fyrir gróður er setja myndi skemmtilegan svip á byggðina.

4.5.4. Hestamennska.

Þeim aðilum er hafa áhuga á hestamennsku og smábúskap hefur fjölgað á síðustu árum og í því sambandi hefur verið leyfð bygging hesthúsa rétt utan við þorpið. Þá er nauðsynlegt að finna varanlega staðsetningu fyrir smábúskap, og er lagt til að hún gæti orðið innan við byggðina ofan Langeyrar. Samfara því má benda á að girða umhverfis þorpið með fjárheldri girðingu er héldi frá kvikfénaði og hrossum.

4.6. Ýmis þjónusta.

4.6.0. Vatnsveita.

1960 var lögð vatnsveita í öll hús, en fyrir þann tíma var hvert hús með sína veitu eða brunn. Stifla er uppi á Sauradal og hefur verið endurnýjuð svo og aðveituæðin. Vatnsmagnið er takmarkað, aðallega í langvarandi frostveðrum og á rigningarlitlum sumrum, sérstaklega ef full afköst eru í frystihúsinu. Brýnasta framtíðarverkefnið er að reisa miðlunargeymi.

4.6.1. Brunavarnir.

Tækjakosturinn samanstendur af Landrover jeppa og kerru, tveimur dælum auk annars útbúnaðar. Ágætt húsnæði er fyrir tækjabúnaðinn. Áætlað er að fjölga brunahönum úr einum í fjóra á næstunni.

4.6.2. Rafveita.

Súðavík er hluti af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða, þá er þar staðsett vara-díeselrafstöð er stendur til að stækka og byggja yfir hana húsnæði. Senda má rafmagn frá vararafstöðinni í báðar áttir eftir því hvar bilanir koma upp. Búið er að rafvæða öll býli í næstu sveitum að einu undanskildu, Eyri í Seyðisfirði.

4.6.3. Hitaveita.

Ekkert nýtanlegt heitt vatn hefur fundist í nágrenni Súðavíkur, og er ólíklegt að nokkuð finnist. Flest hús eru kynt með rafmagnshitun og fjölgar þeim jafnt.

4.6.4. Skólp.

Skólplagnir voru endurnýjaðar á árunum 1975-76 og eru allar lagnir komnar út fyrir stórstraumsfjöruborð.

4.6.5. Sorpeyðing.

Ekið er með sorpið í Sorpeyðingarstöðina í Hnífsdal þar sem það er brennt, það sorp sem óbrennanlegt er er urðað uppi á svonefndu Sauraholti, innan og ofan við byggðina.

5.0. Framkvæmd skipulags og endurskoðun.

Í kafla 1.1. um aðalskipulag eru taldir upp helstu þættir varðandi samþykkt aðalskipulags, gildistíma og endurskoðun. Auk reglubundinnar endurskoðunar getur reynst nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi og er þá um tvær leiðir að velja. Ef um meiri háttar breytingu er að ræða þarf að auglýsa hana á sama hátt og um nýtt aðalskipulag væri að ræða. Sé breytingin hins vegar óveruleg, getur Skipulagsstjórn staðfest breytinguna án undangenginnar auglýsingar, enda fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar þess efnis, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna (sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. Skipulagslaga). Innan marka aðalskipulags þarf að jafnaði að gera deiliskipulag er kveður nánar á um tilhögun á einstökum lóðum (sbr. 9. gr. Reglugerðar um gerð skipulagsáætlana). Ef vikið er frá aðalskipulagi skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku fráviki.

Varðandi þau svæði í Súðavík þar sem fallið hafa snjóflóðgilda ákvæði 7. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, samþykkt á Alþingi 22. maí 1985.

"7. gr.

Sveitarstjórn lætur gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp."

5.1. Meginþættir aðalskipulagsins.

Með tilliti til svæðisbundinna framkvæmda á landsvæði því er aðalskipulag Súðavíkur nær yfir er notast við eftirfarandi merkingar; Númeruð eru þrjú svæði og hér á eftir er gerð grein fyrir hverju svæði fyrir sig.

Svæði I: Nær að stórum hluta yfir núverandi byggð, stærð ca 12.0 ha.

Landnotkun: Íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta, verslun og útivistarsvæði.

Framkvæmdir: Hluti íbúðabyggðar er að mestu leyti byggður, þá er gert ráð fyrir íbúðabyggð beggja megin Engjavegar og Skólagötu, en nauðsynlegt er að reisa snjóflóðavarnir ofan fyrirhugaðrar byggðar áður en til úthlutunar kemur.

Austan Aðalgötu er aðaliðnaðarsvæðið og er gert ráð fyrir nokkurri stækkun með uppfyllingu beggja megin, þ.e. sunnan frystihússins og norðan iðnaðarhúss. Einnig er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði norðan við núverandi íbúðabyggð.

Opinber þjónusta er dreifð um áður nefnt svæði, neðan Engjavegar er nýtt dagheimili og neðan Skólagötu var fyrirhugað að reisa skóla, en þeirri staðsetningu hefur nú verið breytt. Byggingu skóla hefur verið frestað vegna þess að á því svæði féll snjóflóð árið 1983, og verður ekkert af byggingaframkvæmdum fyrr en reistar hafa verið snjóflóðavarnir ofan við svæðið. Dagheimilið við Engjaveg var tekið í notkun 1986, þó að ekki hafi fallið snjóflóð á því svæði, má telja að öll hlíðin ofan Skólagötu og Engjavegar sé samfleytt hættusvæði m.t.t. snjóflóða. Gera þarf snjóflóðavarnir og fylgjast þarf vel með snjóalögum þá mánuði er mest hætta er á snjóflóðum.

Aðrar opinberar stofnanir eru: Póstur og sími við Aðalgötu og fyrirhuguð er í framtíðinni bygging þjónustumiðstöðvar/stjórnsýsluhúss á horni Aðalgötu og Grímsbrekku. Þá er nýinnréttuð hreppsskrifstofa í nýlegu iðnaðarhúsnæði neðan Aðalgötu, og er sú staðsetning varanleg þar til byggt verður stjórnsýsluhús. Við Aðalgötu og aðkeyrsluna að höfninni er staðsett hús Slysavarnarfélags Íslands, en mælt er með að þeirri staðsetningu verði breytt og verði nær höfninni, helst sunnan við frystihúsið.

Verslunarlóð er norðan víð hús Pósts og síma og er kominn grunnur að verslunarhúsnæði en óvíst er um áframhald í framkvæmdum. Úthlutað hefur verið lóð fyrir bensínafgreiðslu og skyndibitastað vestan við frystihúsið, og hafa verið fjarlægð tvö eldri íbúðahús til að rýma fyrir þeirri starfsemi.

Útivistarsvæði: Hestamönnum hefur verið úthlutað aðstaða norðan við byggðina, en ekki er sú aðstaða til frambúðar, betri kostur væri ef fengist eyðijörð eða úthlutað yrði svæði innan við bæinn, þá bæði fyrir hestamenn og frístunda-bændur. Svæðið vestan við frystihúsið frá bensínafgreiðslu inn með Aðalgötu, væri best nýtt sem gróðurreitur, enda snýr það svæði vel við sól og myndi auk þess vera skemmtilegt samspil við þjónustusvæðið handan götunnar.

Tveir leikvellar verða á þessu svæði, annar við miðbik Skólagötu en hinn við norðurenda Engjavegar.

Svæði II: Nær yfir miðbik núverandi byggðar, stærð ca 6.5 ha.

Landnotkun: Íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta, verslun og útivistarsvæði.

Framkvæmdir: Nokkur íbúðahús eru á þessu svæði og gert er ráð fyrir nokkurri aukningu, en ekki verður úthlutað lóðum fyrr en gerð hefur verið úttekt á snjóflóðahættu og byggingu snjóflóðavarna. Einnig er gert ráð fyrir því að nokkur íbúðahús víki, en húsin eru gömul og hafa ekkert varðveislugildi.

Iðnaðarsvæði verða á uppfyllingu beggja megin við hafnar-garðinn, og verða einungis reistar byggingar er tengjast hafsæknum iðnaði.

Á horni Grímsbrekku og Aðalstrætis er staðsett nýleg heilsugæslustöð, á lóðinni þar fyrir ofan er staðsett díselrafstöð er verður flutt innan tíðar, og staðsett fyrir innan bæinn ofan við ípróttavöllinn. Félagsheimilið er staðsett um miðbik svæðisins við Aðalgötu og er fyrirhuguð stækkun og lagfæringar á eldra húsnæði. Á svæðinu þar í kring er fyrirhugað tjaldstæði og skrúðgarður. Ofan við félagsheimilið er gert ráð fyrir nýjum skóla og leikvelli.

Verslun er staðsett við Aðalgötu (útibú frá Kaupfélagi Ísfirðinga) húsið er gamalt en gerðar hafa verið miklar lagfæringar á því og byggt hefur verið við það. Ef um breytta landnýtingu yrði að ræða, yrði sá reitur ætlaður fyrir íbúðabyggð, einnig má nefna að reitur sá á svæði I fyrir verslun, mun vera nægjanlega stór fyrir verslun í byggðarlagi á stærð við Súðavík.

Svæði III: Innsti hluti núverandi byggðar, stærð ca. 4.0 ha.

Landnotkun: Íbúðabyggð, opinber þjónusta og útivistarsvæði.

Framkvæmdir: Íbúðasvæði það við Aðalgötu er að mestu leyti fullbyggt, hús þessi eru með þeim elstu í Súðavík. Athugandi er að endurreisa íbúðarhús er þarf að flytja, sem eru svipuð hvað varðar aldur og útlit, á götu fyrir neðan núverandi íþróttavöll. Einungis er hægt að byggja íbúðarhús neðan við þá götu, og eru þessar íbúðalóðir þær einu sem hægt er að byggja á á svæði 3 án þess að reisa þurfi snjóflóðavarnir.

Opinber þjónusta á þessu svæði er aðstaða Orkubús Vestfjarða ofan við íþróttavöllinn, einnig hefur þar rétt hjá verið safnað brotajárni til skamms tíma. Gert er ráð fyrir leikvelli neðan íþróttavallar.

Útivistarsvæði er íþróttavöllur í fullri stærð, en knattspyrnuvöllurinn var tekinn til notkunar 1986 og verður unnið að því að bæta aðstöðuna á næstu árum.

Innan við byggðina er staðsett kirkja, grafreitir, skóli og iðnaðarsvæði á Langeyri, ekki er gert ráð fyrir að breyting né aukning verði á þeirri landnýtingu á skipulagstímabilinu.

5.2. Eignarhald á landi.

Mest af landi í og við byggð í Súðavík eru í eigu hreppsins, mikið var keypt á árunum 1950-60. Þó eru eftir einstaka landskikar um þorpið í eigu einstaklinga, en ekki er talið að það standi í vegi fyrir skipulagi né byggingaframkvæmdum á skipulagstímabilinu.

Innan við Eyrardalsá er land í einkaeign, nema lítil hluti Langeyrrar sem er í eigu frystihússins.

LOKAORÐ.

Í aðalskipulagi Súðavíkur 1987 - 2007 er gert ráð fyrir landsvæðum fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi er áætlað er að byggist á tímabilinu miðað við íbúaspá. Ekki liggur fyrir hættumat vegna snjóflóðahættu, en gera þarf ráð fyrir snjóflóðavörnum ofan við byggðina.

Í þessari greinargerð er fjallað um þróunina fram til dagsins í dag og út frá þeim forsendum reynt að draga ályktun um þróunina á næstu 20 árum.


Markmið aðalskipulags er að vera hjálpargagn heimamanna varðandi landnýtingu og röð framkvæmda og einnig við gerð fjárhagsáætlana.

Heimildir:

Fiskifélag Íslands:	Tölfræðileg gögn.
Hafnamálastofnun:	Hafnargerðir 4 ára áætlun 1984-1987. Maí 1984.
Hagstofa Íslands:	Hagtíðindi 1964-1984. Tölfræðileg gögn.
Landvernd:	Vistfræði hafsins. Les- arkir Landverndar 2. Rvk 1977.
Markús Á. Einarsson:	Veðurfar á Íslandi. Rvk 1976.
Páll Líndal:	Bæirnir byggjast, skipu- lagsstjóri, Sögufélag 1982.
Skipulagsstofa höfuðborgar- svæðisins:	Orð og orðtök í skipulagi. Rit IV. Sept. 1981.
Súðavíkurbreppur:	Sveitarstjórnarmál, 1. tbl. 1986.
Veðurstofa Íslands:	Tölfræðileg gögn.

Leitað hefur verið til fjölmargra heimamanna um ýmsar
upplýsingar.

SÚÐAVÍK 1:5000
 ADALSKIPULAG 1987-2007



SKÝRINGAR

- ÍBÚDIR
- IÐNADUR, ATVINNUREKSTUR
- OPINBERAR STOFNANIR
- VERSLUN, SKRIFSTOFUR
- LANDBÚNADARBYGGINGAR
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- OPIN SVÆÐI ÖBYGGÐ
- LANDBÚNADUR RÆKTAD
- GONGUSTIGAR
- RAFMAGNSLÍNA, SPENNISTÖÐ
- KALDAVATNSLEIÐSLA

- ORKUBÚ VESTFJARDA
- KIRKJA
- SKÓLI
- FÉLAGSHEIMILI
- DAGHEIMILI
- HEILSUGÆSLA
- PÓSTUR OG SÍMI
- STÓRNSÝSLA
- SLOKKVISTÖÐ

- ÍDRÓTTAVÖLLUR
- SKRÚÐGARÐUR
- TÍALDSTÆÐI
- LEIKSVÆÐI
- GRAFREITUR
- SVÆÐI HESTAMANNA

UPPDRÁTTUR ÞESSI VAR SAMÞYKKTUR AF HREPPS-
 NEFND SÚÐAVÍKUR
 HINN. 1987.

UPPDRÁTTUR ÞESSI VAR AFGREIÐUR AF SKIPULAGS-
 STJÖRN TIL STJÓRNARRÁÐSINS TIL STAÐFESTINGAR
 REYKJAVÍK, 1987

UPPDRÁTTUR ÞESSI STAÐFESTIST HÉRMEÐ SAMKVÆMT
 LÖGUM NR 19 21 MAÍ 1984 OG BIRTIST TIL
 LEIÐBEININGAR OG EFTIRBREYTNÍ ÖLLUM SEM
 HLUT EIGA AÐ MÁLI.
 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ, 1987.